

Söngdagskrá Ísaksskóla 2025-2026

22. – 29. ágúst

I like the flowers/Ég elska blómin
Einu sinni á ágústkvöldi
Út um mó
Það er leikur að læra

1. – 5. september

Í Ísaksskóla

Sumri hallar (fyrsta erindi)

I like the flowers/Ég elska blómin
Einu sinni á ágústkvöldi
Út um mó
Það er leikur að læra

8. – 12. september

Ef gangan er erfið

Haustrísa

Sumri hallar (annað erindi)

I like the flowers/Ég elska blómin
Einu sinni á ágústkvöldi
Í Ísaksskóla

Það er leikur að læra

Lag: Austurrískt lag

Ljóð: Guðjón Guðjónsson

Það er leikur að læra
leikur sá er mér kær,
að vita meira og meira
meira í dag en í gær.

Bjallan hringir, við höldum
heim úr skólanum glöð,
prúð og frjálsleg í fasi
fram nú, allir í röð.

I Like the Flowers

Enskur keðjusöngur

I like the flowers
I love the daffodils
I like the mountains (*klapp!*)
I love the rolling hills
I like the fireside
When the lights are low
Bumdidiadi, bumdidiadi...

Ég elska blómin,
ég elska liljurnar,
ég elska fjöllin (*klapp!*)
Ég elska hólana,
ég elska varðeldinn
þegar húmar að,
bumdidiadi, bumdidiadi....

Úti um mó

Enskt lag

Ljóð: Friðrik Guðni Þorsteinsson

Úti' um mó, inni' í skóg,
uppi' í hlíð í grænni tó,
litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Tína þá, berjablá,
börn í lautum til og frá,
litlu berin lyngi vaxa á,
tína, tína, tína má.

Einu sinni á ágústkvöldi

Lag: Jón Múli Árnason

Ljóð: Jónas Árnason

Einu sinni á ágústkvöldi
austur í Þingvallasveit,
gerðist í dulitlu dragi
dulítið sem enginn veit.
Nema við og nokkrir þrestir
og kjarrið græna inn í Bolabás
og Ármannsfellið fagurblátt
og fannir Skjaldbreiðar
og hraunið fyrir sunnan Eyktarás.
Þó að æviárin hverfi
út á tímans gráa rökkurveg,
við saman munum geyma þetta ljúfa
leyndarmál,
landið okkar góða, þú og ég.

Í Ísaksskóla

Lag: Úr söngleiknum *Sound of Music* eftir
Richard Rodgers / Oscar Hammerstein

Í Ísaksskóla létt er lund,
ljómar gleðin hverja stund.
Börnin kát og kennarar,
komum, syngjum hér og þar.
Leiðumst, vinir, hönd í hönd,
hefjum raddir, treystum bönd.
Vinaböndin ljúf og létt,
leikum saman, stöndum þétt.

Sumri hallar

Íslenskt þjóðlag
Þjóðvísur

Sumri hallar, hausta fer,
heyri snjallir ýtar,
hafa fjallahnjúkarnir
húfur mjallahvítar.

Girnast allar elfur skjól
undir mjallarþaki.
Þorir varla að sýna sól
sig að fjallabaki.

Verður svalt, því veður er breytt
vina eins og geðið.
Þar sem allt var áður heitt
er nú kalt og freðið.

Ef gangan er erfið

Lag: Höfundur ókunnur

Ljóð: Ragnar H. Harðarson

Ef gangan er erfið og leiðin er löng,
vér léttum oss sporið með þessum söng.
Ef þung reynist byrðin og brekkan er há,
brosum, brosum krakkar þá.

Þótt bylji hríð og blási kalt,
brosið er sólskin sem vermir allt,
og bræðir úr hugskoti bölsýnis ís,
brosum, þá er sigur vís.

Og enginn er verri þótt vökni í gegn
og vitaskuld fáum við steypiregn.
En látum ei armæðu á okkur fá,
brosum, brosum krakkar þá.

Þótt bylji hríð og blási kalt,
brosið er sólskin sem vermir allt,
og bræðir úr hugskoti bölsýnis ís,
brosum, þá er sigur vís.

Haustvísa

Belgískt lag

Ljóð: Herdís Egilsdóttir þýddi úr sænsku

Hvert er horfið lafið
sem var grænt í gær?
Þótt ég um það spyrji
verð ég engu nær.
Blöðin grænu hafa visnað,
orðin gul og rauð.
Ef ég horfi miklu lengur
verður hríslan auð.